



Socrates  
Grundtvig



Education and Culture



Attract Participation and Increase Motivation  
of Young Male Language Learners

# KYNNINGARATHÖFNUM MÁLAGAMANS

Málagaman! Hvernig hægt er að efla áhuga ungra karlmannna á  
tungumálanámi og auka þátttöku þeirra



Education and Culture

## Socrates Grundtvig

Þetta verkefni hefur verið unnið með stuðningi frá SOCRATES-GRUNDTVIG stofnun Evrópusambandsins. Viðhorf sem fram koma eru eingöngu höfundanna og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins verður ekki gerð ábyrg fyrir því hvernig þær upplýsingar sem hér koma fram, verða notaðar.

© 2008 BEST Institut für berufsbezogene Weiterbildung und Personaltraining, Vienna, Austria

This publication was developed in the course of the SOCRATES-GRUNDTVIG project

"Love Language! How to Attract Participation and Increase Motivation of Young Male Language Learners " Project number 229813-CP-1-2006-1-AT-GRUNDTVIG-G1PP

### Partnership:

- ◆ BEST Institut für berufsbezogene Weiterbildung und Personaltraining GmbH, Vienna, Austria
- ◆ ABC Dialog , Hilleröd, Denmark
- ◆ Careers Europe, Bradford, United Kingdom
- ◆ Città della Scienza S.c.p.a.-ONLUS, Napoli, Italy
- ◆ Fundatia Romano-Germana, Timisoara, Romania
- ◆ Gabinet d'Estudis Socialis, Barcelona, Spain
- ◆ Global Reklam, Istanbul, Turkey
- ◆ Godalen Videregaende Skole, Stavanger, NO
- ◆ IRFA Sud, Montpellier, France
- ◆ KTP Association for qualification at the labour Market, Znojmo, Czech Republic
- ◆ Latvian Adult Education Association, Latvia
- ◆ Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra, Reykjavík, IS
- ◆ VHS Cham, Cham, Germany

Þessi útgáfa verður fánleg til niðurrhals til 30. september 2010 á síðunni [www.love-language.org](http://www.love-language.org) til að einkanota eingöngu.

MÁLAGAMAN!

HVERNIG HÆGT ER AÐ EFLA ÁHUGA UNGRA KARLMANNA Á  
TUNGUMÁLANÁMI OG AUKA ÞÁTTTÖKU ÞEIRRA.

## Formáli

Verkefnið „Málagaman“ hefur það að markmiði að auka áhuga fólks á því að læra erlend tungumál, efla innri áhugahvöt þeirra sem stunda tungumálanám og viðhalda námsáhuga ungra karlmannna til þess að koma í veg fyrir að þeir gefist upp á námi.

Aðstandendur verkefnisins hafa þróað handbók og verkfærakistu „Málagaman! Hvernig hægt er að efla áhuga ungra karlmannna á tungumálanámi og auka þátttöku þeirra“ til þess að þeir sem halda tungumálanámskeið og leiðbeina á slíkum námskeiðum hafi yfir að ráða kennsluaðferðum sem taka mið af áhugamálum karlmannna og til þess að miðla upplýsingum um undirliggjandi lögmál varðandi sérstakar þarfir eftirtalinnna markhópa: þeirra sem hafa hætt í skóla, kynþætti í minnihluta (sérstaklega innflytjenda og sígauna), fullorðins fólks sem hefur lengi verið atvinnulaust og félagslegra jaðarhópa.

Í handbókinni er einnig fjallað um helstu þætti fullorðinsmenntunar og kennsluaðferðir í tungumálanámi til að upplýsa þá sem skipuleggja og móta stefnu varðandi fullorðinsmenntun um það hvernig hægt sé að auka áhugahvöt hjá því fólki sem af ýmsum ástæðum hefur hingað til ekki verið þess fýsandi að stunda nám í erlendum tungumálum.

Í þessari handbók er að finna margar ólíkar hugmyndir og aðferðir sem hægt er að nota á margvíslegan hátt til að mæta ólíkum þörfum og óskum. Verkfærakistan MÁLAGAMAN! Hvernig hægt er að efla áhuga ungra karlmannna á tungumálanámi og auka þátttöku þeirra, sem fylgir með handbókinni, er hönnuð fyrir fullorðinsfræðslu, starfsþjálfun og fyrir kennara. Þetta safn efnis og aðferða er hægt að nota í margskonar tilgangi og samhengi, vegna þess að það er uppbyggt í meðfærilegum einingum.

### **Að auka endingu**

Hugmyndin að baki „Kynningarathöfnum Málagamans“ var þróuð í því markmiði að kynna handbókina og verkfærakistuna til þess að verkefnið myndi endast betur og ná meiri útbreiðslu.

Kynningarathafnirnar taka einn til tvo daga, og þær eru einkum ætlaðar lykilfólki í menntageiranum, og þær fela í sér eftirfarandi þætti:

- Kynning á fræðilegum bakgrunni og heimspeki verkefnisins
- Kynning á afrakstri verkefnisins (Handbók kennara og verkfærakistu)
- Yfirlýsingar kennara og nemenda sem tóku þátt í námskeiðinu
- Umræður

Áhersla er lögð á að gera upplýsingafundi meira aðlaðandi og bjóða upp á ánægjulega og notalega nálgun að umræðum um menntamál.

- Hvernig hægt er að auka áhuga þeirra sem sjá um fullorðinsfræðslu á því að nýta sér afrakstur verkefnisins sem er í boði án endurgjalds og til að fá þá til að tileinka sér þá hugsun sem þar kemur fram og nýta hana í starfi.
- Hvernig hægt er að hvetja þá sem ráða menntastefnunni til þess að taka upp úrræði í menntun sem draga úr erfiðleikum ungra karlmannna við að halda áhuganum eftir að hafa lent í vandræðum í skólakerfinu.
- Hvernig hægt er að vekja víðtæka athygli fjölmiðla á verkefninu.
- Hvernig hægt er að vekja áhuga og forvitni markhópsins sem fær upplýsingar um atburðinn í fjölmiðlum til þess að taka þátt í námskeiði í erlendu tungumáli og til að hjálpa þeim að sigrast á andstöðu sinni gegn slíkum námstilboðum.

## TILGANGURINN

Ætlunin með Kynningaratburðum Málagamans er að upplýsa viðeigandi markhópa innan menntageirans jafnt og áhugasaman almenning um afrakstur Málagaman verkefnisins. Það er augljóslega áhugavert fyrir opinberar menntastofnanir og þá sem sjá um fullorðinsfræðslu að taka upp og nýta sér jákvæða nálgun Málagaman verkefnisins.

### Samstarfsaðilar

---

- Atvinnumálaráðuneytið, stefnumótendur
- Starfsmannaskiptasamtök
- Markhópar (þeir sem nota afrakstur verkefnisins)
- Þeir sem þjálfa grunnfærni, kennarar og leiðbeinendur: þeir munu hafa frjálsan aðgang að nýjum aðferðum til að þjálfa grunnfærni.
- Lykilpersónur í stefnumótun varðandi símenntun og tungumálaþjálfun
- Aðstandendur samsvarandi verkefna innanlands og í Evrópu, samtök og stofnanir
- Félagar: Meðal aðstandenda verkefnisins eru einnig félagar frá ýmsum löndum Evrópu



Promotor & Coordinator  
BEST Institut für berufsbezogene Weiterbildung und  
Personaltraining GmbH, Austria  
helmut.kronika@best.at, [www.best.at](http://www.best.at)